



Rannsóknarmiðstöð  
um stjórnarhætti

## Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

### Umsögn um stjórnarhætti: Stefnir hf.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er þeim fyrirtækjum sem svo kjósa veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum en söfnun gagna er í höndum ráðgjafa eða annarra aðila sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum** (e. Excellence in corporate governance) sem þeim er að öllu jöfnu heimilt að nota í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðugleika og gagnsæi stjórnarháttanna fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur ákveðið að fyrirtækið Stefnir hf. fái viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Meðfylgjandi umsögn er byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af endurskoðendafyrirtækinu KPMG ehf. í október 2011.

Niðurstaða úttektar KPMG ehf. á stjórnarháttum Stefnis hf. gefur skýra mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins og bendir til þess að fyrirtækið geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

*Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum og umsögn Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti:*

#### Hlutverk stjórnar:

*Til fyrirmyndar:* Hlutverk stjórnar er ágætlega skilgreint. Stjórnin hefur bæði eftirlitshlutverk og stefnumarkandi hlutverk. Stjórnin hefur skilgreint hlutverk sitt með eftirfarandi hætti: „Meginhlutverk stjórnarinnar er að marka félaginu stefnu og að hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Kjarni stefnunnar er að félagið sé leiðandi aðili meðal sjóðastýringarfyrirtækja og að hagsmunir viðskiptavina, eigenda, starfsmanna og þjóffélagsins í heild séu hafðir að leiðarljósi. Áhersla er lögð á traustan og arðbæran rekstur og að rekstraráhætta sé lágörkuð. Stjórnin leggur áherslu á góða stjórnarhætti og að starf stjórnar og félagsins sé ávallt samkvæmt lögum, reglum og góðum viðskiptaháttum.“

*Hvað má betur fara:* Hlutverk stjórnarformanns og valdsvið stjórnar annars vegar og framkvæmdastjóra hins vegar mætti vera betur skilgreint. Stefnir hf. er í 99,93% eigu Arion banka hf. Eignarhald fyrirtækis getur haft veruleg áhrif á stjórnarhætti fyrirtækis.



## Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti

### Verkefni stjórnar:

*Til fyrirmyndar:* Verkefni stjórnar eru ágætlega skilgreind. Verkefni bera þess merki að gott eftirlit er með rekstrinum. Jafnframt bera þau þess merki að stjórnin hafi stefnumarkandi hlutverk. Verkefni stjórnar eru í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsáætlun. Dagskrá stjórnarfunda og fundargerðir eru aðgengilegar hluthöfum.

*Hvað má betur fara:* Stjórnin hefur ekki metið störf sín formlega með tilliti til þess hlutverks og þeirra verkefna sem hún hefur.

### Skipulag stjórnar:

*Til fyrirmyndar:* Skipulag stjórnar er vel skilgreint. Stjórnin er virk miðað fjölda (15 stjórnarfundir á ári) og lengd funda (2,5 klst að jafnaði) og þeirra málefna sem tekin eru fyrir. Stjórnarmenn virðast virkir þátttakendur í stjórnarstörfum og vel upplýstir um stöðu og stefnu fyrirtækisins.

*Hvað má betur fara:* Stjórnin gæti skilgreint betur hvaða upplýsingar stjórnin þarf að fá og hvort að þörf sé fyrir upplýsingar sem koma frá óháðum útektaraðilum.

### Starfshættir stjórnar:

*Til fyrirmyndar:* Starfshættir stjórnar eru með ágætum. Stjórnin kannar reglulega hvort hún vinni samkvæmt starfsreglum. Lögð er áhersla að ná samkomulagi um ákvarðanir stjórnar þrátt fyrir að það nægi meirihluti atkvæða skv. samþykktum félagsins.

*Hvað má betur fara:* Stjórnin hefur ekki sett sér sérstakar siðareglur eða reglur um samfélagslega ábyrgð.

### Stjórnarmenn:

*Til fyrirmyndar:* Stjórnarmenn virðast vel hæfir til þess að sitja í stjórn félagsins. Þeir hafa fjölbreytta reynslu og ólíkan bakgrunn (40% konur, 60% karlar). Stjórn félagsins skipa: Hrund Rudolfsdóttir, Snjólfur Ólafsson, Eggert Teitsson, Kristján Jóhannsson og Guðrún Svava Bjarnadóttir. Nýir stjórnarmenn eru upplýstir um starfsemi félagsins.

*Hvað má betur fara:* Stjórnin hefur ekki sett sér sérstakar leiðbeiningar um hvernig nýir stjórnarmenn eru upplýstir um starfsemi félagsins og stjórnarhætti.

Með úttekt þessari er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á hvort umrætt fyrirtæki fylgi áðurnefndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, byggt á þeim gögnum sem aflað er. Úttektin felur því ekki í sér endanlega staðfestingu á að allir þættir í stjórnun og rekstri fyrirtækjanna standist lög, reglugerðir, alþjóðleg viðmið eða tilmæli opinberra aðila. Úttektin ætti eigi að síður að veita hagsmunaaðilum mikilvæga innsýn í hvernig stjórnir og stjórnendur fyrirtækjanna haga störfum sínum almennt.